



Dagsetning: 19. nóvember 2023

Málsnúmer: 2305061/2.1.0

Til bæjarráðs

Breytingar á fjárhagsáætlun 2024 – 2027 til síðari umræðu

Eftirfarandi breytingar hafa verið gerðar á tillögu til fjárhagsáætlunar Fjarðabyggðar fyrir árin 2024 – 2027 til síðari umræðu:

1. Fyrir liggur þjóðhagsspá í nóvember frá Hagstofu Íslands. Í þeirri þjóðhagsspá er gert ráð fyrir að verðlagsbreyting milli áranna 2023 og 2024 verði 0,7% hærri en í fyrri spá og breyting launavísitölu verði 0,9% hærri en í fyrri spá sbr. neðan greinda töflu.

Vísitala neysluverðs	2022	2023	2024	2025	2026	2027
Vor	8,3%	8,7%	4,9%	3,0%	2,6%	2,5%
Nóvember	8,3%	8,7%	5,6%	3,6%	2,8%	2,5%
Breyting	0,0%	0,0%	0,7%	0,6%	0,2%	0,0%
Launavísitala	2022	2023	2024	2025	2026	2027
Vor	8,3%	8,9%	5,8%	4,1%	4,0%	4,1%
Nóvember	8,3%	9,6%	6,7%	4,6%	4,4%	4,1%
Breyting	0,0%	0,7%	0,9%	0,5%	0,4%	0,0%

2. Útvarstekjur hafa verið hækkaðar um 32 m.kr. þ.e. þar sem nú er spáð meiri breytingu launa en í fyrri spá. Áður miðaðist áætlunin við 6,5% hækkun en nú 7,4% hækkun milli áranna 2023 og 2024.
3. Tekjur í málaflokki félagsþjónustu hafa verið hækkaðar um 2 m.kr. þ.e. vegna barnaverndar, úr 30 m.kr. í 32 m.kr.
4. Tekjur frá Jöfnunarsjóði hafa verið hækkaðar um 10 m.kr. vegna málefna fatlaðs fólks en nú liggur fyrir áætlun sjóðsins um 310 m.kr. framlög á árinu 2024. Framlagið var áætlað 300 m.kr. við fyrri umræðu.
5. Tekjur Sorpmiðstöðvar hafa verið hækkaðar um 8,9 m.kr. þ.e. 6,6 m.kr. vegna hækkunar sorphirðu- og sorpeyðingargjalda og 2,3 m.kr. vegna þjónustugjalda við urðun. Einnig hefur kostnaður í málaflokknum verið lækkaður um 2,2 m.kr. Gert er áfram ráð fyrir halla að fjárhæð 13 m.kr. á málaflokknum.
6. Í liðnum óviss útgjöld var gert ráð fyrir 424 m.kr. á árin 2024 vegna veikindalauna og væntra áhrifa nýrra kjarasamninga á árinu 2024. Þessi liður hefur verið hækkaður um 160 m.kr. frá fyrri áætlun og nemur nú um 584 m.kr. Gert er ráð fyrir að lagt verði til hliðar 7,4% af áætluðum launakostnaði 2024 til að mæta nýjum kjarasamningum en áður var hlutfallið áætlað 6,5%. Hækkun á hlutfallinu er vegna nýrrar þjóðhagsspár Hagstofu Íslands en einnig hefur grunnur launaútgjalda hækkað frá fyrri áætlun vegna áætlunargerðarinnar og áhrifa af þeim kjarasamningum sem gerðir hafa verið á haustmánuðum 2023. Jafnframt hefur verið gerð sú breyting að 43 m.kr. af þessari færslu á óvissum útgjöld hefur verið færð á B hluta fyrirtækin en áður var allt



framlagið bókað á A hlutann. Samtals eru því 541 m.kr. í A hluta en 43 m.kr. í B hluta sem óviss útgjöld vegna væntra kjarasamninga og veikindalauna.

7. Í nýrri þjóðhagsspá er gert ráð fyrir hærri verðbólgu en áður var gert ráð fyrir á milli áranna 2023 – 2026, sjá 1. lið þessarar samantektar. Hér að neðan má sjá áhrif þessarar nýju þjóðhagsspár á fjármagnsliði einstakra ára. Fjármagnsgjöld hækka í A hluta um 23 m.kr. á árinu 2024 frá fyrri áætlun og í samstæðunni í heild um 32,5 m.kr.

	2024	2025	2026	2027
A hluti	(23.247)	(19.314)	(4.721)	3.335
Samstæða	(32.541)	(29.076)	(11.543)	(3.003)

8. Rekstrarniðurstað fjárhagsáætlunar Fjarðabyggðar fyrir árin 2024 – 2027 verður eftir þessar breytingar sem hér segir í m.kr.:

	2024	2025	2026	2027
A hluti verður	109.363	119.829	157.864	167.790
A hluti var	205.319	211.853	235.295	237.165
Lækkun	(95.957)	(92.024)	(77.431)	(69.375)
AB verður	552.339	593.470	659.844	680.100
AB hluti var	688.989	726.655	775.496	787.212
Lækkun	(136.650)	(133.185)	(115.652)	(107.112)

9. Sjóðsstreymi samstæðu Fjarðabyggðar versnar nokkuð við þessa breytingu og er nú ætlað að breytingin á hækkun á handbæru fé verði lítil sem engin á árinu 2024. Sjóðurinn í árslok 2023 verði nánast sá sami í árslok 2024 eða um 239 m.kr. Tillaga að fjárhagsáætlun til fyrri umræðu gerði ráð fyrir sjóði í árslok 2027 að upphæð um 1.029 m.kr. en nú er gert ráð fyrir að sjóðurinn verði á sama tíma um 590 m.kr.
10. Heildarskuldir samstæðu Fjarðabyggðar hækka um 54 m.kr. í lok áætlunartímans (2027) úr um 9.676 m.kr. í 9.730 m.kr. Skuldir A hlutans lækka um 136 m.kr. í lok áætlunartímans (2027) úr um 11.262 m.kr. í 11.126 m.kr.

Snorri Styrkársson
Fjármálastjóri